

Dags eftirlits	12.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Landeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Öxnalæk	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Haraldur Snorrason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingi Karl og Rúnar Þór	Staðsetning	393201,157 388615,307

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti.

Ábending var gerð um gagnaskil fyrir 1. maí á næsta ári.

Eins var rekstraraðila bent á að senda gögn til Umhverfisstofnunar ef varaafsstöð og olúgeymir verða settur upp í stöðinni.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farið var í eftirlit í seiðaeldisstöð Landeldis ehf. að Öxnalæk í Hveragerði. Starfsleyfið var fyrst gefið út í mars 2011 til Íslandsbleikju ehf. en hefur farið í gegnum tvær handhafabreytingar síðan. Fyrst til Samherja fiskeldi ehf. árið 2018 en 11. ágúst 2020 var starfsleyfið svo fært yfir á Landeldi ehf. Heimilt er að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- og bleikjuseiðum á ári.

Þann 16. nóvember 2020 tilkynnti rekstraraðili um að rekstur myndi hefjast á næstu dögum. Grænt bókhald barst frá Samherja fiskeldi ehf. vegna fyrrihluta ársins. Landeldi ehf. tók stöðina í notkun rétt fyrir síðustu áramót. Bent er á að ársyfirlit og grænt bókhald vegna 2021 skal berast fyrir 1. maí nk.

Fulltrúar rekstraraðila voru Haraldur Tryggvi Snorrason rekstrarstjóri stöðvarinnar, Ingi Karl Ingólfsson fjármálastjóri og Rúnar Þór Þórarinsson yfirmaður sjálfbærnimála, rannsókna og þróunar og Gottskálk Friðgeirsson var fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Boðuð dagskrá:

1. Endurbætur á stöðinni og frárennismál
2. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi:
3. Gagnaskil; Grænt bókhald og ársyfirlit
4. Gagnaskil; Mælingar í frárennsli
5. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
7. Skoðun á stöðinni

1. Endurbætur á stöðinni og frárennismál

Innanhúss hefur gömlum kerjum hefur verið skipt út fyrir ný og stærri ker. Framkvæmdir eru enn í gangi. Endurnýjaðar voru sleppivarnir í frárennsli. Rafmagnstöflur hafa verið endurnýjaðar.

Utanhúss hefur aðkoman verði stækkuð, bílastæði við húshlið og komin er skrifstofuaðstaða í gámi við hlið eldishússins. Vinna er í gangi við endurnýjun og stækkun útikerja og áform um að endurnýja hreinsivirki í frárennsli og að nýta fastefni sem áburð og eins að nýta uppleyst efni í frárennslinu (N og P) til ræktunar í gróðurhúsum sem gætu risið á landi Landeldis ehf. að Öxnalæk.

2. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar

Starfsleyfið gerir kröfur um þrjár skriflegar áætlanir sem skulu liggja fyrir í stöðinni; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna massadauða sem skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisks ef upp koma sjúkdómar eða fiskur kafnar eða drepst af öðrum orsökum. Allar tilskyldar áætlanir liggja fyrir.

Mæla skal eða reikna út losun í viðtaka og má fosfór ekki fara fram úr 7 kg/tonn/ári og köfnunarefni ekki fara yfir 60 kg/tonn/ári. Hreinsa skal frárennslið í setþró eða sambærilegum búnaði. Fella út svifagnir úr frárennslinu. Á þriggja ára fresti skal taka sýni úr frárennsli og reikna út heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifagnir og TOC (total organic carbon). Eins skal á þriggja ára fresti mæla efnainnihald viðtaka 1 m frá útrás.

Fyrstu niðurstöður mælinga núverandi rekstraraðila í frárennsli eru áætlaðar í haust. Farið er fram á að útreikningar á losun N og P út frá fóðurnotkun (formúla Wang) berist með ársyfirliti stöðvarinnar.

Leiðbeiningaskjal Umhverfisstofnunar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var afhent í eftirlitinu.

Allt vatn er sjálfrennandi úr borholum ofar í landinu en hugmyndir eru uppi um að sækja vatn lengra að og þá verður líklega þörf á dælingu og varaafli. Ef rekstraraðili setur upp olúgeymi vegna starfseminnar skal skila upplýsingum um geyminn til Umhverfisstofnunar. Stofnunin mun deila þeim upplýsingum með heilbrigðisnefnd svæðisins sem er ábyrg fyrir skráningu allra neyslu- og húsaþeyma á sínu svæði.

3. Gagnaskil - skýrslur

Árlegar skýrslur sem krafist er í starfleyfi eru ársyfirlit og grænt bókhald sbr. gr. 3.3 og 3.4 í starfsleyfi. Eins og segir að framan eru næstu skýrsluskil vegna ársins 2021 og skulu þau vera fyrir 1. maí 2022.

4. Gagnaskil – mælingar í frárennsli

Fyrstu mælingar Landeldis ehf. í frárennsli skulu fara fram á árinu. Niðurstöður mælinga eru væntanlegar á haustmánuðum.

5. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu vegna stöðvarinnar – áhættumat ársins

Í áhættumati til ákvörðunar á hversu oft skal koma í eftirlit sem gert var árið 2020 fékk stöðin einkunnina C, sem þýðir eftirlit annan hvort ár. Vegna yfirstandandi breytinga og þess að stöðin var ekki í rekstri þegar eftirlitið fór fram var ákveðið að koma í árlegt eftirlit.

Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en uppfært áhættumat verður notað við gerð eftirlitsáætlunar sem stofnunin notar næsta ár.

6. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

Seiðaðisstöðin losar í Varmá sem er skilgreint sem vatnshlot nr. 103-792-R. Í gagnagrunni Umhverfisstofnunar er það metið svo að annað stærsta staðbundna álag á vatnshlotið sé frárennsli fiskeldis Landeldis ehf. að Öxnalæk. Stærðargráða áhrifa hefur ekki verið metin.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

7. Skoðun á stöðinni

Eftirlitsaðili fór um stöðina með rekstraraðila. Skoðaðar voru framkvæmdir innanhús og utan. Enn eru framkvæmdir í gangi og lífmassi á eftir að aukast mikið.

Ekki eru gerðar athugasemdir við umgengni við stöðina. Læst hlið hefur verið fjarlægð en nýtt rafstýrt hlið verður sett upp fljótlega.

ÁBENDINGAR


Rekstraraðila er bent á gagnaskil fyrir 1. maí nk.

Rekstraraðila er bent á að upplýsa Umhverfisstofnun ef varaafsstöð og olúgeymir verður settur upp í stöðinn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson